

## FRÉTTABRÉF

### ÁVARP FORMANNS

Ágæti góðvinur

Á síðasta starfsári hefur stjórn Góðvina ásamt starfsmanni leitað leiða til að efla starfsemi samtakanna og gera þau að virkari þátttakanda í háskólasamfélaginu okkar. Sú vinna er enn í gangi og vonumst við til þess að finna leiðir bæði til þess að gera samtökin sýnilegri og virkari.

Líkt og verið hefur munu allir nemendur sem brautskrást frá Háskólanum á Akureyri gerast sjálfkrafa meðlimir í samtökunum. Til þessa hefur brautskráðum nemendum ekki verið gert að greiða félagsgjöld fyrir en tveimur árum eftir brautskráningu en stjórnin hefur ákveðið að leggja til á aðalfundi að breyta þessu fyrirkomulagi þannig að brautskráðum nemendum berist greiðsluseðlar strax ári eftir brautskráningu. Þessi breyting er fyrst og fremst gerð til þess að auðvelda starfsmanni utanumhald en auðvitað vonumst við einnig eftir því að þetta verði til þess að fjölga félögum enn meir.

Í ágúst á síðasta ári var nýjasti hluti húsnæðis háskólans tekinn í notkun. Háskólinn á Akureyri státar nú loks af fallegum hátíðarsal og anddyri sem auðveldar alla aðkomu og er háskólanum til mikillar þýði, auk þess hefur eiginlegt kennsluhúsnæði aukist. Þetta nýja anddyri, sem hlotið hefur heitið Miðborg, þrýðir nú einstök klukka sem var gefin háskólanum af þessu tilefni. Klukkan var sameiginleg gjöf Góðvina og Félags stúdenta við Háskólann á Akureyri og var hún afhent við hátíðlega opunarathöfn þann 28. ágúst 2010.

Góðvinir höfðu nú sem fyrir aðkomu að brautskráningu nemenda í júní en farin var ný leið í þeirri von að laða fleiri brautskráða nemendur háskólans að háskólahátíðinni sem haldin er í tengslum við brautskráninguna. Saman buðu Góðvinir og Háskólinn á Akureyri til kaffisamsætis og hátíðardagskrár að lokinni formlegri brautskráningu. Aðsóknin fór fram úr okkar björtustu vonum og vil ég fyrir hönd Góðvina þakka öllum þeim sem komu og nutu veitinga og dagskrár með okkur og vonast ég til þess að sjá ykkur sem flest í tengslum við háskólahátíðina á komandi árum.

Ég þakka stjórn Góðvina og starfsmanni samtakanna gott samstarf á árinu og vona að saman náum við ásamt félagsfólki að efla Góðvini og háskólasamfélagið á Akureyri.

**Andrea Hjálmsdóttir,**  
formaður Góðvina HA

### FRAMUNDAN HJÁ GÓÐVINUM 2011

**Aðalfundur Góðvina verður 17. nóvember 2011. Fundurinn verður haldinn í stofu N201 á Sólborg kl. 16:30-17:30.**

Hvetjum alla til þess að mæta en á fundinum verða teknar ákvarðanir varðandi starfsemi samtakanna í framtíðinni auk venjulegra aðalfundastarfa. Þeir sem hafa áhuga á að starfa í þágu samtakanna eru hvattir til að mæta á fundinn. Kaffihressing í boði Lostætis.

### FRÉTTIR AF GÓÐVINUM

Á síðasta aðalfundi Góðvina sem haldinn var 25. mars 2010 var ákveðið að Góðvinir myndu hætta að skipuleggja endurfundi fyrir afmælisárganga að kvöldi brautskráningardags þar sem kostnaður við veisluhöld var farinn að aukast verulega og dregið hafði úr aðsókn á sama tíma. Þess í stað var ákveðið að beina kröftum að því að styðja við háskólann og bjóða upp á endurfundi á öðru formi. Ekki voru haldnir endurfundir vorið 2010 heldur gáfu Góðvinir í samstarfi við FSHA háskólanum veglega gjöf í tilefni af opnun nýbyggingar á Sólborg. Gjöfin er veggklukka sem þrýðir Miðborg, anddyri nýbyggingarinnar. Unnið er að uppsetningu klukkunnar í samvinnu við arkitekta háskólans.

Að lokinni brautskráningu 11. júní 2011 efndu háskólinn og Góðvinir sameiginlega til móttöku og endurfunda að lokinni brautskráningu. Þetta fyrirkomulag mæltist vel fyrir og mættu fjölmargir eldri nemendur í veisluna auk þess sem nýbrautskráðir kándídatar fjölmenntu ásamt fjölskyldum sínum.

### VEFSÍÐA GÓÐVINA

Vefsíða Góðvina er hluti af vefsíðu Háskólans á Akureyri. Slóðin er [www.godvinir.is](http://www.godvinir.is). Þar er mögulegt að ganga til liðs við samtökin, skoða fréttir af starfsemi samtakanna og myndir frá atburðum. Brautskráðir nemendur sem ekki eru félagar í Góðvinum eru hvattir til að skrá sig og styðja þannig við bakið á gamla háskólanum sínum. Þið finnið Góðvini einnig á Facebook!

### GREIÐSLUSEÐLAR

Greiðsluseðlar fyrir félagsgjaldi í Góðvinum verða sendir Greiðsluseðlar fyrir félagsgjaldi í Góðvini verða sendir út í nóvember 2011. Upphæðin verður ákveðin á aðalfundi. Félagsmenn sem brautskráðust vorið 2008 fá nú í fyrsta sinn sendan greiðsluseðil. Um er að ræða valkröfu sem birtist í heimabanka hjá félagsmeðlimum. Þeir sem kjósa að greiða ekki félagsgjaldið hafa þar með sagt sig úr samtökunum. Fyrir nánari upplýsingar má hafa samband á netfangið [dagmar@unak.is](mailto:dagmar@unak.is).

## HEIÐURSVERÐLAUN GÓÐVINA

Hefð hefur myndast fyrir því að Góðvinir heiðri nemendur fyrir gott starf í þágu háskólans við brautskráningu og þar sem þetta fréttabréf er óvenju seint á ferðinni verður greint frá verðlaunahöfum frá því í vor og vorið þar áður.

Stjórn Góðvina heiðraði eftirtalda nemendur við brautskráningu 12. júní 2010 fyrir óeigingjarnt starf í þágu háskólans á þeim tíma sem þeir voru við nám:

**Heilbrigðisvísindasvið:** Jóhanna Jónsdóttir

**Hug- og félagsvísindasvið:** Sindri Kristjánsson

**Viðskipta- og raunvísindasvið:** Karl Óðinn Guðmundsson

Auk þess voru verðlaunuð sérstaklega þau Jóhanna Guðrún Snæfeld Magnúsdóttir og Steinþór Þorsteinsson fyrir óult starf í þágu háskólans.



Við brautskráningu 11. júní 2011 heiðruðu Góðvinir eftirtalda:

**Heilbrigðisvísindasvið:** Lára Kristín Jónsdóttir

**Hug- og félagsvísindasvið:** Þorbjörg Ólafsdóttir

**Viðskipta- og raunvísindasvið:** Eyrún Elva Marinósdóttir

Að auki verðlaunuðu Góðvinir Svein Arnarsson fyrir gott starf í þágu háskólans.

Verðlaunin eru gullnælur sem Kristín Petra Guðmundsdóttir, gullsmíður hannaði og smíðaði sérstaklega fyrir Góðvini.



## BAKHJARLAR GÓÐVINA



## „ÞETTA HELST“ HJÁ HA VETURINN 2010/2011



### Allir á sama stað

Mikilvægum áfanga í sögu Háskólans á Akureyri var náð 19. ágúst 2010 þegar starfsemin sem var til húsa í Þingvallastræti 23 flutti til Sólborgar. Þessi áfanga markar tímamót þar sem öll kennsla og rannsóknir við HA fer nú fram á Sólborgarsvæðinu við Norðurlóð og skapar þannig þekkingarsamfélag í hjarta Akureyrarbæjar.



### Vígsla nýbyggingar

Laugardaginn 28. ágúst 2010 var nýtt húsnæði Háskólans á Akureyri vígt við hátíðlega athöfn. Forseta- hjónin voru viðstödd en forsetinn og menntamálaráðherra fluttu ávarp í tilefni dagsins. Að lokinni vígsluathöfn var opið hús í nýja húsnæðinu. Gestum gafst m.a. kostur á að skoða nýbygginguna, kynna sér námsframboð og starfsemi fræðasviða og taka þátt í tilraunum á vegum rannsóknarstofnana háskólans og höfðu menn gaman af.



### Fullveldishátíð

Miðvikudaginn 1. desember var venju samkvæmt haldið upp á fullveldisdaginn í Háskólanum á Akureyri. Um leið var því fagnað að áratugur er liðinn frá því að útilistaverkið Íslandsklukkan eftir Kristinn E. Hrafnsson var vígt og færð Akureyringum að gjöf frá Akureyrarbæ. Haldið var málþing undir yfirskriftinni Íslandsklukkan, framtíðin og sjálfstæðið og dagskrá fór fram við Íslandsklukkuna. Þar var klukkunni hringt 10 sinnum en það var í höndum Viðars Guðbjarnar Jóhannssonar sigurvegara smásagna-keppni sem haldin var meðal 10 ára barna í grunnskólum Akureyrar í tilefni áratugafmælis Íslandsklukkunnar.



### Miðborg

Óskað var eftir tillögum um nafn á anddyri nýbyggingar háskólans í byrjun desember 2010. Margar góðar tillögur bárust frá starfsfólki og nemendum Háskólans á Akureyri og fyrir valinu varð nafnið Miðborg. Alls lögðu sex manns þetta nafn til í keppninni.



### Háskólahátíð 2011

Þann 11. júní 2011 voru 426 kandiðatar brautskráðir á Háskólahátíð Háskólans á Akureyri sem þótti heppnast afar vel. Að brautskráningu lokinni í Íþróttahöllinni buðu Stefán B. Sigurðsson rektor og Góðvinir HA til móttöku í hátíðarsal háskólans á Sólborg. Þar voru meðal annars veittir styrkir úr Háskólasjóði KEA. Á myndinni má sjá fyrrum nemendur háskólans fagna brautskráningar-afmælum sínum.